

9. gr.

Breytingar á skipulagsskrá þessari má því aðeins gera, að tillögur um þær séu bornar fram af sjóðsstjórninni og séu samþykktar samhljóða af Íþróttafélagi fatlaðra á Akureyri.

10. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir styrktarsjóð Hofskirkju, í Skagahreppi, A-Húnavatnssýslu, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 20. nóvember 1979.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir styrktarsjóð Hofskirkju. Stofnaður 4. nóvember 1978, af hjónunum Hilmari Árnasyni og Aðalheiði Magnúsdóttur, Hofi, Skagahreppi.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Styrktarsjóður Hofskirkju í Skagahreppi, A.-Húnavatnssýslu, og er hann stofnaður með gjöf hjónanna Hilmars Árnasonar og konu hans Aðalheiðar Magnúsdóttur, Hofi, Skagahreppi, með gjöf að upphæð kr. 250 000.— tvöhundruð og fimmtíuþúsund 00/100 —.

2. gr.

Sjóðurinn er eign Hofskirkju í Húnavatnsprófastsdæmi. Tekjur hans eru vextir, gjafir og annað sem honum kann að áskotnast.

3. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða en vöxtum og öðrum tekjum hans skal verja til viðhalds, fegrunar, og endurbyggingu Hofskirkju, ef þurfa þykir og til reksturs hennar.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipar sóknarnefnd Hofskirkju á hverjum tíma.

5. gr.

Sjóðurinn skal ávaxtast í Sparisjóði Skagastrandar eða annarri peningastofnun sem stjórn sjóðsins telur örugga og hefur ríkisábyrgð.

6. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og skulu reikningar hans endurskoðaðir af þeim aðilum sem endurskoða kirkjureikningana.

7. gr.

Skipulagsskrá þessi er samhljóða óskum stofnenda sjóðsins, sem undirrita hana og skal leita staðfestingar forseta Íslands á henni.